

Sent til Mbl.is: 14.12.2018

Birt í Mbl: 21.12.2018

Skúli Jóhannsson

Email: skuli@veldi.is

Website: www.veldi.is

## Um Þjóðarsjóð

### Frumvarpið

Í frumvarpi til laga, sem lagt var fram á Alþingi 12.12.2018, segir að starfrækja skuli sjóð í eigu íslenska ríkisins sem nefnist Þjóðarsjóður. Hlutverk sjóðsins verði að varðveita og ávaxta fjármuni sem ríkissjóður leggur honum til. Fjármunirnir verði nýttir til að bæta ríkissjóði verulegt fjárhagstjón sem kann að verða við nánar tilgreindar aðstæður. Nokkurs konar varúðarsjóður.

Í greinargerð kemur fram að hvatinn til stofnunar sjóðsins er vitneskja um fjárhagslegan styrk Landsvirkjunar.

Sem sagt Landsvirkjun á að borga. Samt voru það einkum þeir, sem á sínum tíma vöktu athygli á þessari hugmynd.

### Tekjur Þjóðarsjóðs

Arðgreiðslur Landsvirkjunar til ríkissjóðs á undanförunum árum hafa verið 1,5 milljarðar kr á ári.

Í frumvarpi til laga um Þjóðarsjóð er rætt um að tekjur ríkissjóðs af rekstri Landsvirkjun gæti orðið 10-20 milljarðar kr á ári.

Í Gamma skýrslu Landsvirkjunar (2011) sviðsmynd 2a er gert ráð fyrir að mögulegar arðgreiðslur og tekjuskattsgreiðslur fyrirtækisins verði 50 milljarðar/ári á árunum 2025-2035.

Þessi mikli breytileiki í áætlunum er athyglisverður.

Til að sjá hlutina í samhengi þá þýðir þetta að með tekjum upp á 15 milljarða á ári þá mundi það jafngilda breytingu á raforkuverði almenns markaðar um 30 USD/MWh eða um 60% ef almennt raforkuverð er 50 USD/MWh. Þarna er gert ráð fyrir að almenni raforkumarkaðurinn sé 4000 GWh/ári og gengið 125 ISK/USD.

Ef þessir fjármunir væru ráðstafaðir til að greiða niður verð á raforku til almennra nota þá mundi raforkuverð lækka úr 50 í 20 USD/MWh en hins vegar mundi það hækka úr 50 í 80 USD/MWh með þessari greiðslu til Ríkissjóðs og ef krafa væri gerð um óbreytta arðsemi. Þetta er aðeins lagt fram til samanburðar, en hvorugt af þessu stendur til að gera.

Þess má geta að almennt raforkuverð á Bretlandi er um 75 USD/MWh, í heildsölu.

### Erlendir þjóðarsjóðir

Tekjur íslenska Þjóðarsjóðsins munu að mestu leyti koma frá rekstri vatnsaflsvirkjana Landsvirkjunar.

Fyrirmyndir um þetta finnast varla erlendis, en þar eru virkjanir á endurnýjanlegri orku oftast studdar eða greiddar niður með framlögum úr ríkissjóðum. Þar er aðallega átt við virkjun á vind- og sólarorku en vatnsaflsvirkjanir eru jafnan undanskildar sérstökum fjárhagsstuðningi.

Erlendir þjóðarsjóðir, sem skapast vegna orkusölu, byggja mest á tekjum af olíu og í minna mæli á gasi. Sjóðirnir hafa verið hvattir til að fjárfesta í virkjunum á endurnýjanlegri náttúrulegri orku með lækkun á kolefnismengun og sjálfbæra þróun í huga.

Ekki eru Norðmenn að byggja þjóðarsjóð sinn upp á rekstri vatnsorkukerfisins, sem er þó 10 sinnum stærri en vatnsorkukerfið á Íslandi. Þeir byggja þjóðarsjóð sinn eingöngu upp á tekjum af olíuvinnslu.

Í þessu sambandi þurfa menn að átta sig á þeim takmörkunum sem eru til staðar við virkjun vatnsfalla á Íslandi. Landið er eyja og þess vegna eru allar ár stuttar með takmörkuðum möguleikum til uppsöfnunar á rennsli. Þarna vantar upplandið. Svo má nefna sívaxandi kröfur náttúruverndar. Þessar staðreyndir takmarka í sjálfu sér mikla auðsöfnun í Þjóðarsjóði.

Þess vegna er ekki heldur að vænta, að áframhaldandi uppbygging vatnsorkukerfisins muni leiða til aukinna tekna fyrir Þjóðarsjóðinn.

### **Óvissa í rekstri vatnsorkukerfisins**

Íslenska raforkukerfið er byggt upp af vatnsafli og jarðvarmavirkjunum og er með orkugetu upp á nokkurn vegin 20.000 GWh/ári. Vegna breytileika í aðrennsli vatnsafllsvirkjana gæti óvissa í tiltækri orku verið (-10%, +10%) sem jafngildir (-2.000, +2.000) GWh/ári eða plús/mínus 2-3 Blönduvirkjanir.

Þarna þarf að fara fram með varúð og reglur sjóðsins vera sveigjanlegar gagnvart greiðsluskyldu Landsvirkjunar. Hún gæti rýrnað verulega þegar þarf að takast á við minnkandi rennsli við virkjanir, verðbreytingar á alþjóðlegum raforkumörkuðum og jafnvel tæknibreytingar.

Um þetta er fjallað í greinargerð með frumvarpinu.